

Fagráð í nautgriparækt – Fundur 22/6/2010

Mættir

Aðalfulltrúar með atkvæðisrétt

Guðný Helga Björnsdóttir, formaður (BÍ)

Magnús B Jónsson (BÍ)

Sigurður Loftsson (LK)

Sigurgeir Hreinsson (LK) – í gegnum síma

Aðrir fagráðsfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt

Þorsteinn Ólafsson

Grétar Hrafn Harðarsson

Björn S Gunnarsson

Gunnar Guðmundsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Snorri Sigurðsson

Bragi Líndal Ólafsson

Ekki náðist samband við Þórarinn Leifsson.

Formaður setur fund. Tvö mál eru á dagskrá.

1. Undanþágur vegna krafna um útivist nautgripa.

Forsaga málsins er sú að nefnd, sem skipuð er Guðnýju Helgu Björnsdóttur (LK), Sigurborgu Daðadóttur (MAST), Unnsteini Snorra Snorrasyni (BÍ) og Snorra Sigurðssyni (LbhÍ), hefur fengið það verkefni að endurskoða aðbúnaðarreglugerð nautgripa. Brýnt þykir að skerpa á ákvæðum um útivist nautgripa og hefur sá hluti reglugerðarinnar því verið settur í forgang. Gert er ráð fyrir að hægt verði að sækja um undanþágu frá ákvæði um útivist að uppfyllum vissum skilyrðum og hefur fagráð verið kallað til sem álitsgjafi hvað það varðar. Unnsteinn Snorri og Snorri Sigurðsson hafa unnið tillögur að skilyrðum til undanþágu.

Snorri fer yfir tillögurnar og útskýrir hvað liggur að baki hinum ýmsu viðmiðum sem upp eru gefin. Fram kemur að upplýsinga hefur verið leitað í sambærilegar reglugerðir erlendis og eru Svíþjóð og Danmörk sérstaklega nefnd. Einnig kemur fram að miðað sé við að 500 kg þunga á gripum og byggir það á niðurstöðum nýlegs BS-verkefnis við Landbúnaðarháskólann þar sem fram kom að meðalþungi íslenskra mjólkurkúa var um 470 kg.

Nokkrar smávægilegar athugasemdir koma fram varðandi einstaka þætti undanþágutillögunar. Nokkur atriði geta talist vera óljós. Þar má nefna orðalag eins og “traust efni” í útigerði sem sé mjög opið enda geti mörg efni fallið undir skilgreininguna traust efni þó þau henti ekki í útigerði fyrir kýr. Einnig kemur fram athugasemd um þá mótsögn sem felst í því að gera kröfu um að innréttingar legubása stuðli að því að básar haldist hreinir þar sem básar sem eru svo illa hannaðir og óþægilegir að kýr vilji ekki nota þá, haldist, eðli málsins samkvæmt, mjög hreinir. Gerð er athugasemd við þau tímamörk sem gefin eru upp varðandi útivist og telja menn að heppilegra væri ef þau væru skilgreind rýmri, t.d. fram í september. Snorri upplýsir að fulltrúi Matvælastofnunar hafi lagt mikla áherslu á að tímabil yrði skilgreint frá júní til september þar sem það auðveldaði eftirlit. Nokkrar spurningar koma einnig fram um möguleika eftirlitsaðila til

að meta ákveðna þætti s.s. loftræstiþörf og afköst loftræstingar. Einnig kemur fram að nauðsynlegt sé að með undanþágutillögunum fylgi gefnar forsendur og viðmiðunartölur með sem viðaukar og að skýrt þurfi að vera að undanþáguákvæði gildi aðeins um mjólkandi kýr en ekki geldneyti.

Snorri punktast hjá sér þær athugasemdir sem koma fram.

Talsverð umræða skapast um tengsl aðbúnaðarmála og ímyndarmála og hvort aðbúnaðarreglugerð eigi að taka á ímyndarmálum. Þó fundarmenn séu almennt sammála um að útivist nautgripa sé eðlileg eru skiptar skoðanir á því hvaða áhrif möguleikar á undanþágu frá reglugerð hafi til framtíðar. Munu undanþágu ákvæði verða hluti af reglugerð og þar með sé í raun gert ráð fyrir að gripir standi inni í þeim tilfellum þar sem fjós uppfylli þær kröfur sem settar séu fyrir heilsársinnistöðu gripa. Ljóst sé að þau viðmið sem sett verða til undanþágu frá útivist verði í raun hönnunarforsendur í nýjum fjósum.

Bent er á að hér sé aðeins gert ráð fyrir undanþágum fyrir bændur í mjólkurframleiðslu og eðlilegt sé að gera einnig ráð fyrir að kjötframleiðendur gætu þurft að fá undanþágur frá útivistarreglugerð þar sem beit nýtist oft illa fyrir kálfa sem aldir eru til slátrunar og verði til þess að vaxtargeta nýtist ekki.

Spurt er hvort verkefni fagráðs þessu sinni sé ekki að móta reglur sem gilda eigi fyrir sumarið í sumar eða þar til full endurskoðun á reglugerðinni hefur farið fram. Formaður svara því játandi. Í framhaldandi vinnu sé þó nauðsynlegt að huga að þessum málum við heildarendurskoðun reglugerðarinnar.

Rætt er um hvort gera eigi kröfu um beit eða eingöngu útivist. Sumar rannsóknir bendi til þess að beit sé afgerandi þáttur hvað varðar útivist nautgripa meðan aðrar rannsóknir sýna fram á að nautgripir kjósi slegið gras fram yfir beit ef þeir hafi val. Erfitt getur verið að skilgreina beit en það sé í raun mikilvægt að gera það ef fylgja á eftir kröfum um beit og mögulega sé einfaldara að skilgreina útivist. Mikilvægt sé að hafa fagleg rök bak við kröfu um beit út frá atferlis og aðbúnaðarsjónarmiðum en rannsóknir séu misvísandi um málið.

Fulltrúi MS ræðir um mikilvægi jákvæðrar ímyndar fyrir markaðssetningu mjólkurvara erlendis þar sem þar liggja okkar möguleikar í samkeppni við erlendar vörur. Neytendur séu að verða meðvitaðri um dýravelferð og það sé orðinn mikilvægur þáttur í góðri ímyndarsköpun. Í framhaldi er rætt stuttlega hvort rétt sé að beita reglugerðarákvæðum til að ná slíku fram eða hvort beita eigi fræðslu, faglegum eða hagfræðilegum rökum. Þorsteinn Ólafsson og Gunnar Guðmundson víkja af fundi.

Gerð er athugasemd við að fundarmenn þurfi að víkja af fundi áður en honum er lokið. Umræðum um undanþáguákvæðin lýkur með því að menn eru sammála um að plaggið þarfnist smávægilegra endurbóta út frá þeim athugasemdum sem fram hafa komið. Þarna sé þó kominn góður grunnur að kröfum um góða búskaparhætti. Snorri mun gera viðeigandi endurbætur á plagginu í samvinnu við Unnstein og senda aftur á fagráðsmenn.

2. Umsókn Bú-Vest um vél til að fræsa gólf í gripahúsum í því markmiði að minnka hálfu

Umsóknin hefur verið send til Framleiðnisjóðs og hefur hann óskað eftir álitum fagráðs. Sótt um 100% styrk og gera fundarmenn athugasemd við að sótt sé um svo hátt hlutfall af heildarkostnaði.

Fram kemur að einkaaðilar séu einnig að skoða þetta mál og hugsanlega sé eðlilegra að tæki sem þetta yrði einkarekið. Á móti kemur að fordæmi eru fyrir að sambærilegar umsóknir hafi fengið styrk og eru kaup á klaufskurðarbásum og ómsjám nefnd sem dæmi. Rætt er um áhrif slíkrar fræsingar á steypuna og hvort þau séu þekkt. Einnig séu til mismunandi tæki til fræsinga á gólfum og eðlilegt sé að skoða hvað hentar best til verksins. Veikleiki er á umsókninni að hún kemur frá einum aðila en gert sé ráð fyrir að tækið sé rekið á “samfélagslegum grundvelli” til lausnar á vandamáli sem nokkuð algeng sé víða um land. Sterkara hefði verið að sjá fleiri búnaðarsambönd taka sig saman um umsóknina.

Fagråd gefur eftirfarandi umsögn um umsóknina.

“Fagråd mæli með því að skoðað verði hvort einkaaðilar hyggi á kaup og rekstur á svona tæki áður en tekin er afstaða til þess hvort styrkja eigi kaup á tækinu til rekstrar á samfélagslegum grunni. Sé raunin sú að ekki sé verið að skerða samkeppnishæfni einkaaðila með styrkveitingu til tækjakaupa er hvatt til þess að umsóknin verði endurskoðuð með það að markmiði að fá fleiri búnaðarsambönd til að standa að umsókninni, henni skuli þá fylgja ýtarlegri umfjöllun og rök fyrir vali á tegund vélar og faglegt úlit á áhrifum meðferðar sem þessarar á gólfefni fjósa.”

3. Önnur mál

Engin

Fundi slitið